

## Um sjóðinn

Landsbréf – LEQ UCITS ETF er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011. Markmið sjóðsins er að endurspeglar samsetningu og ávöxtun OMXI8CAP vísitölunnar sem kauphöllin OMX Nordic Iceland reiknar. Sjóðurinn er þannig vísitölusjóður og er stýrt með óvirkum hætti, þar sem fjárfest er eingöngu í þeim hlutabréfum sem mynda vísitöluna OMXI8CAP, í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma. Sjóðurinn er kauphallarsjóður (ETF) og eru viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðsins í kauphöllinni á Íslandi (eftirmarkaður) og er virk viðskiptavakt með hlutdeildarskírteinin. Beiðni um viðskipti í sjóðnum skal beint til verðbréfamiðlunar sem er aðili að íslensku kauphöllinni.


Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is)

## Fjárfestingastefna og eignasamsetning


Flokkur	Staða	Stefna
Hlutabréf í OMXI8CAP-vísitölunni	100,00%	100%
Reiðufé	0,00%	-

## Stærstu útgjafendur

Marel hf.	34,2%
Reitir hf.	13,8%
Icelandair Group hf.	11,7%
Hagar hf.	10,7%
Síminn hf	8,4%
Reginn hf	8,3%
EIK fasteignafélag hf.	7,2%
N1 hf.	5,6%



## Árangur sjóðsins



## Áhætta

**Markaðsáhætta** er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla **gengis-**, og **vaxtaáhætta** sem felast í því að gengi verðbréfa og breytingar á markaðsvöxtum getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og þannig haft áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

**Áhætta tengd smæð markaðar** er til staðar í sjóðnum. Viðskipti með verðbréf á íslenskum verðbréfamarkaði eru oft fá og því getur verðmyndun verið ógagnsæ.

**Lausafjárahætta** er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásettannlegu verði.

**Uppgjörshætta** er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir á réttum tíma.

**Vörsluáhætta** er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

## Almennar upplýsingar

Kennitala:	681212-9300
Stofndagur:	10.4.2013
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili á frummarkaði:	Landsbankinn hf.
Söluaðilar á eftirmarkaði:	Verðbréfamiðlun sem er aðili að íslensku kauphöllinni.
Sjóðsform:	Kauphallarsjóður (UCITS ETF)
Umsýsluþóknun:	0,50%
Auðkenni í kauphöll:	LEQ IR
LEI númer:	549300DQ9BZKQBS0XT28
Sjóðstjórar:	Egill Darri Brynjólfsson Halldór Krstinnsson

Framkv.stj. Landsbréfa hf.: Helgi Þór Arason

Fjárfestar greiða verðbréfamiðlun sinni þóknun fyrir kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum, líkt og fyrir önnur verðbréfavíðskipti. Hagkvæmast er að kaupa og selja hlutdeildarskírteini með atbeina verðbréfamiðlunar (á eftirmarkaði) fremur en að kaupa beint af sjóðnum eða innleysa í honum, þar sem við slík frumviðskipti fellur til kostnaður sem á ekki við um viðskipti á eftirmarkaði.

## Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 15:30
Lágmarkskaup á eftirmarkaði:	1.000 kr.-
Þóknun við kaup/sölu:	Skv. gjaldskrá viðkomandi verðbréfamiðlunar.
Áskriftarmöguleiki:	Nei
Uppgjörstími:	2 bankadagar
Áhættumæliskvarði	5/7

## Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	1.933,8
Gengi sjóðsins:	1.611,53
Staðalfrávik*:	13,20%
Ávöxtunarviðmið:	OMXI8CAP

\*Staðalfrávik ávöxtunar er tölræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávikíð byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávikí endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

## Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

## Hafðu samband

## Verðbréfa- og lífeyrissráðgjöf Landsbankans

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

[www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is)

[www.landsbref.is](http://www.landsbref.is)

Sjóðurinn er verðbréfasjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is) og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.